# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 35

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SVEINN BJÖRNSSON
yfirrjettarmálaflutningsmaður
REYKJAVÍK.

Reykjavík 27/10 1909

Brjef. 24/11 '09

By. 22

Samkvæmt umboði, sem herra J. P. Brillouin, frakkneskur vice-konsúll hér í bænum hefir gefið mér til þess að annast málefni sín hér í bænum í fjarveru sinni, leyfi eg mér hérmeð, f. h. Brillouins konsúls, að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd, að breytt verði ákvæðum byggingarnefndarinnar um afstöðu lóðar þeirrar, ~~sem~~ á svonefndu Félagstúni hér í bænum, sem Brillouin f. h. frakkneska spítalafélagsins keypti af Jóni Jenssyni 10. október 1908.

Breyting sú, sem eg fer fram á er, að lóðin verði ákveðin eins og til er tekið á innlögðum eftirriti af uppdrætti, sem gert hefir herra Jón Þorláksson, landsverkfræðingur.

Það skal tekið fram, að Brillouin heldur því fast fram, að svo hafi ávalt verið um talað milli hans og seljanda,

B. Rvk. 684/1909 By. 22

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að lóðin hefði þessa afstöðu. Það, að afstaðan hafi verið ákveðin öðruvísi af byggingarnefndinni mun því stafa af einhverjum misskilningi.

Alt það, sem gert hefir verið á lóðinni af byggingum, sléttunum og öðrum mannvirkjum hefir verið gert með þessa lóðarafstöðu fyrir augum og hefir það verið gert í þeirri trú að þessi væru hin réttu lóðamörk, sem tilteknu eru á innlögðu uppdráttareftirriti; og þegar Bullamin keypti lóðina var það eitt af áformum hans, að láta gera bátabryggju útaf nesi, sem gengur út í tjörnina. Þetta nes var eigi undir lóðina eftir afstöðuákvörðun byggingarnefndarinnar.

Það mundi raska allri heild og öllu plani í því, sem gert hefir verið á lóðinni, ef lóðarafstaða byggingarnefndarinnar er látin haldast.

Það er nú í ráði, að girða lóðina alla steingirðingu. Verkið er undirbúið að öllu. Það stendur aðeins á því,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að verkhafinn viti með vissu hvar girðingin skuli standa. Því leyfi ég mér virðingarfyllst að mælast til þess, að byggingarnefndin taki sem allra fyrst ákvörðun sína um það, hvort hún vilji breyta afstöðu oftumræddar lóðar þannig, að afstaðan verði eins og til er tekið á meðfylgjandi uppdráttareftirriti.

Virðingarfyllst

Sveinn Björnsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Brillouins Hus ved Reykjavik
med tilstödende Grundstykk
opmaalt 19/10 09




Copí efter
Ing. Jón Þorlaksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur